Innri endurskoðun og ráðgjöf

Reykjavík, 27. október 2026
IER26020025
IÓ/SM/KHV

Velferðarsvið
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Niðurstöður eftirfylgni IER á Félagsleg heimaþjónusta - Vinnuskýrsla um innra eftirlit

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) hefur lokið eftirfylgni á *Félagsleg heimaþjónusta – Vinnuskýrsla um innra eftirlit*, en verkefnið er á innri endurskoðunaráætlun A-hluta á árinu 2026.

Í mars 2021 voru kynntar niðurstöður úttektar IER á félagslegri heimaþjónustu hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Markmið úttektarinnar var að kanna fyrirkomulag og virkni innra eftirlits félagslegrar heimaþjónustu, m.a. hvort unnið væri eftir skilgreindu verklagi. Verkefnið var á innri endurskoðunaráætlun fyrir starfsárið 2020, sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd 6. janúar 2020.

Í skýrslunni voru settar fram 18 ábendingar, þar af ein sem metin var í áhættuflokkinn „nokkur áhætta“ og sautján í áhættuflokkinn „lítil áhætta“, auk fjögurra tillagna.

Meginniðurstaða eftirfylgninnar nú er að stjórnendur hafa brugðist við átta ábendingum og er þeim lokað. Úrbætur vegna tíu ábendinga eru enn í vinnslu, þar af ein sem metin var sem „nokkur áhætta“. Við yfirferð IER kom fram að hluti gæðaskjala og verklags heimastuðnings hefur ekki verið uppfærður um langt árabil. Að mati IER getur það aukið hættu á óskýru eða ósamræmdu verklagi og skýrir að hluta hvers vegna margar ábendingar eru enn ítrekaðar.

Niðurstöður eftirfylgninnar voru kynntar á fundi endurskoðunarnefndar þann 13. október sl. IER er reiðubúin að kynna helstu niðurstöður skýrslunnar sé þess óskað. Að öðru leyti vísast í hjálagða skýrslu.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Afrit:
Formaður velferðarráðs, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir

Hjálagt:
Félagsleg heimaþjónusta – Vinnuskýrsla um innra eftirlit; Eftirfylgni, 13. október 2026